



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

20. janúar 2011

3. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



FJÖLSKYLD
UTILBOD!
FJÖLSKYLDUTILBOD!

FJÓRIR
HAMBORGARAR

2L
COKE

STÓR
SKAMMTUR
FRANSKAR

TVÆR
KOKTEILSÓSUR

3490. kr



HAMRABORG
Hamraborg ehf. · Hafnarstræti 7 · Sími 456 3166

Hefur ánægju af starfinu

„Ég er í sjálfu sér ekki að sækjast eftir neinu fyrir mig. Ég finn hjá mér þessa þörf til að aðstoða fólk,“ segir Sigurður Ólafsson, Bii, sem hefur verið formaður Krabbameinsfélagsins Sigurvonar í hátt í tíu ár. Hann segir frá góðgerðastarfinu og fjölskrúðugum starfsferli á miðopnu í dag.



| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

EIMSKIP

Yfir hafið og heim

27 milljónir til Vaxtarsamnings Vestfjarða á síðasta ári

Framlög ríkisins til Vaxtarsamnings Vestfjarða á síðasta ári voru 27 milljónir króna. Árið 2009 voru þau 16,6 milljónir og 20 milljónir árið 2008. Þetta kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í desember um stuðning ríkisins við atvinnu- og byggðapróun í landinu. Þar kemur einnig fram að við skiptingu fjárveitinga til vaxtarsamninga eru vegnir saman fimm lykilþættir, þ.e. fólksfjöldi á svæðinu, þéttleiki byggðar, atvinnuleysi, íbúðapróun og hagvöxtur síðustu ár. Atvinnuþróunarfélögin fá tekjur víða að, þó einkum frá samtökum sveitarfélaga á viðkomandi svæði og

ríkinu. Mjög breytilegt er hvaðan tekjurnar koma, t.d. var hluti ríkisframlaga af heildartekjum þeirra árið 2009 frá 28% til 62% og greiðslur frá sveitarfélögum frá 13% til 70%.

Árið 2009 skiptust tekjur Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða á þann hátt að 11 milljónir komu frá sveitarfélögum, 36 milljónir úr fjárlögum, 8 milljónir í fjármagnstekjur og 45 í aðrar tekjur. Atvinnuþróunarfélög landsins afla einnig tekna vegna tiltekinnar verkefna og berast framlög m.a. frá ýmsum opinberum aðilum, t.d. fjárlaganefnd og af ýmsum fjárlagaliðum ráðuneyta. Félögin

ráðstafa hluta þessara tekna til verkefna sem ekki heyra undir eiginlegan rekstur þeirra.


Í skýrslunni kemur fram að stjórnmöld leggja árlega fram umtalsvert fé til að styðja við atvinnu- og byggðapróun í landinu. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 er áætlað að veita alls 1,1 ma.kr. til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Byggðastofnunar og byggðaaætlunar. Hluti þess fjár fer til reksturs sjö starfsstöðva Nýsköpunarmiðstöðvar á landsbyggðinni, þar á meðal Ísafirði, og til svonefndra vaxtarsamninga við átta staðbundin atvinnuþróunarfélög. „Flókið stuð-

ingskerfi atvinnulífsins og ófullnægjandi skráning fjárhagssupplýsinga í fjárhagskerfi ríkisins torvelda skýra heildarsýn um fjárveitingar til atvinnu- og byggðapróunar í landinu. Því er erfitt að fullyrða hvort starfsemin sé eins skilvirk og árangursrík og hún gæti verið,“ segir í skýrslunni.

Í byggðaaætlun 2006–09 var lögð sérstök áhersla á gildi menntunar og menningar, aukna nýsköpun og atvinnuþróun, bættar samgöngur og fjarskipti og að styrkja landshlutakjarnana Akureyri, Ísafjörð og Miðausturland og aðrar mikilvægar atvinnu- og þjónustumiðstöðvar á lands-

byggðinni. Byggðaaætlun fyrir tímabilið 2010–13 var lögð fram sem hluti af heildstæðri sóknarætlun fyrir alla landshluta, 20/20 Sóknarætlun fyrir Ísland. Meginmarkmið byggðaaætlunar eru að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum og efla menntun, menningu, samfélög og samkeppnishæfni byggðar og bæja landsins með margvíslegum aðgerðum.

Byggðaaætlun fyrir árin 2010–13 byggir á því að vaxtarsamningar verði ein helsta burðarstöð atvinnuþróunar og nýsköpunar. – *thelma@bb.is*



Mest dreifitap á Vestfjörðum

Dreifitap raforku var mest á Vestfjörðum árið 2009 eða 6,9%. Frá árinu 1996 hefur skráð dreifitap farið minnkandi á landsvísu, væntanlega vegna betri skráningar en einnig vegna þess að árið 2005 minnkaði umfang dreifikerfisins þegar hluti aðveiturkerfisins í dreifbýli fluttist yfir til Landsnets. Minnst dreifitap var árið 2006 eða sem nemur um 4,8%. Árið 2009 tapaðist 6,7% af orkunni sem fór inn á aðflutnings- og dreifikerfi raforku og árið 2004 nam tapið 6,8%. Sama ár var dreifitapið á Vestfjörðum

rúmlega 10%. Þegar hluti dreifikerfis Orkubús Vestfjarða fluttist yfir í flutningskerfi Landsnets árið 2005 minnkaði dreifitapið niður í 5,7%. Framangreindar upplýsingar koma fram í skýrslu Orkustofnunar þar sem gerð er grein fyrir spá um raforkunotkun til almennra nota.

Dreifitapið var óvenjulega lágt á Suðurnesjum árið 2009 eða 1,6% en meðaltal árána 2004–2008 er 5% á því svæði. Sama á við höfuðborgarsvæðið þar sem dreifitapið nam 3,6% árið 2009. Meðaltal árána 2004–2008 þar

var 5%. Í öðrum landshlutum var dreifitapið frá 5,2% upp í 6,8%. Dreifitapið á landinu í heild hefur dregist saman frá árinu 1996. „Hafa ber þó í huga að alltaf eru nokkrar sveiflur í þessum tölum vegna þess að nákvæmar tölur liggja ekki fyrir um orkusölu yfir almanaksárið. Langstærsti hluti orkusölu rafveitna byggist á áætlunum magntölum og fáum aflestrum til uppgjors, einum til tveimur á ári; einungis sala á afltöxtum hefur mánaðarlegan aflestur. Þegar orkusölu er skipt á almanaksár, eins og tölur í

þessari skýrslu byggjast á, er því um nokkra óvissu að ræða. Tölum um orkutap einstakra ára ber því að taka með fyrirvara,“ segir í skýrslunni.

Til lengri tíma litið verður varla mikil breyting á orktapi að því er fram kemur í spánni. „Endurnýjun dreifikerfisins gæti leitt af sér minnkun þeirra en á móti getur lágt raforkuverð leitt til þess að miðað verði við meira tap við hönnun þess í framtíðinni en nú er gert. Hér er miðað við að hlutfallslegt dreifitap verði óbreytt út spátímabilið.“ – *thelma@bb.is*

„Mikilvægt skref“

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að með yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríkinu gefist sveitarfélögum kærkomið tækifæri til að bæta aðgengi og þjónustu við fatlað fólk í nærumhverfi sínu. Því megi segja að yfirfærsla málaflokksins sé mikilvægt skref í réttindamálum fatlaðra. „Starfsumhverfi starfsmanna sveitarfélaga er fjölbreytilegt og mun auðgast enn frekar um áramótin því við yfirfærslu málaflokksins fá um 1.400 ríkisstarfsmenn nýjan vinnuveitanda hjá viðkomandi sveitarfélögum. Þeir verða dýrmæt viðbót við þann öfluga starfsmannahóp sem nú þegar sinnir velferðarþjónustu sveitarfélaga og byð ég þá hjartanlega velkomna í hópinn,“ segir í pistli Halldórs sem ritadur er rétt fyrir áramót.

Hann segir að tíminn muni leiða í ljós hversu vel tekst til við þessa viðamiklu yfirfærslu. „Ljóst er að verkefnið er krefjandi fyrir sveitarfélögin í landinu, væntingar eru mjög miklar en ég heyri samt á fólki að það gerir sér grein fyrir því að yfirfærslan tekur tíma og ekki er hægt að gera allt í einu. Það bendir þó allt til þess að sveitarfélögin sem flest hver starfa saman á þjónustuvæðum muni standa sig vel í þessu nýja hlutverki.“

Samkaup

úrval

góðir grannar

Sparnaðartilboð helgarinnar 20. - 23. janúar

Góð kaup!
~~1.098~~
889 kr/kg
Lambagrilleggir
úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

Góð kaup!
~~1.698~~
1.392 kr/kg
Lambakótilettur
úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

Góð kaup!
~~1.345~~
1.197 kr/kg
Lambasirlöin
úr kjötborði eða pakkað ferskt

30% afsláttur
~~2.798~~
1.959 kr/kg
Kjúklingabringur
frá Ísfugli

30% afsláttur
~~3.268~~
2.288 kr/kg
Hangikjöt, soðið
frá Goða

Þorraveisla úr kjötborði

Tilboð!

Súrir lundabaggar.... **1.198** kr/kg
Súrar bringukollur.. **1.038** kr/kg
Súr blóðmör..... **1.198** kr/kg
Súr lifrarpylsa..... **1.198** kr/kg
Ný sviðasulta..... **1.598** kr/kg
Súr sviðasulta..... **1.838** kr/kg
Ný gríðasulta..... **1.038** kr/kg
Súr gríðasulta..... **1.118** kr/kg
Hrútsþungar..... **2.318** kr/kg

90 kr/pk
verð áður 179 kr/pk
Engiferrót 200g
...sjá engiferdrykk, uppskrift á samkaupurval.is

50% afsláttur
285 kr/kg
verð áður 569 kr/kg
Límóna

...einstök þjónusta í góðum verslunum

...sjá fleiri sparnaðartilboð, uppskriftir og upplýsingar varðandi opnunartíma verslana á
samkaupurval.is

Sjö tilnefningar um íþróttamann

Sjö tilnefningar bárust íþrótta- og tómstundanefnd um íþróttamann Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2010. Ákvörðun um valið og verður kynnt sunnudaginn 23. janúar kl. 16 í hófi sem haldið verður í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

Eftirtaldir íþróttamenn voru tilnefndir af sínum félögum: Anton Helgi Guðjónsson hjá Golfklúbbi Ísafjarðar, Elena Dís Víðisdóttir hjá Sundfélaginu Vestra, Elín Jónsdóttir hjá Skíðafélagi Ísfirðinga, Emil Pálsson hjá Boltafélagi Ísafjarðar, Guðmundur Valdimarsson hjá Skotíþróttafélagi Ísafjarðarbæjar, Jóhann Bragason hjá Hestamannafélaginu Stormi og Margrét Rún Rúnarsdóttir hjá Ksf. Herði.

Heppnir lesendur

Jólakvæðið ástsæla Bjart er yfir Betlehem viðfangsefni jólagetraunar aðventublaðs Bæjarins besta að þessu sinni. Gefið var upp fyrsta vers kvæðisins sem Ingólfur Jónsson þýddi og svo spurt hvernig seinni tvö hljóma. Dregið var svo úr réttum svörum og urðu þrjár konur heppnar í þetta sinn.

Helga Dóra Kristjánsdóttir Önundarfirði fékk gjafabréf frá Þrjónakaffi, Soffía Skarphéðinsdóttir Ísafirði fékk hljóðbókina úrval úr Ársriti Sögufélagsins og Sólveig Erlingsdóttir Ísafirði fékk kerti og servíettur frá Blóma-vali. Drátturinn átti sér stað daginn fyrir Þorláksmessu.

Æfa fyrir vortónleika

Vorönn Gospelkórs Vestfjarða er hafin. Auður Arna Höskuldsdóttir kórstjóri hvetur alla fyrrum féлага, sem dottið hafa út í gegnum árin en hafa enn áhuga, að byrja að mæta aftur. „Eins alla sem áhuga hafa á gospeltonlist og söng, því alltaf er hægt að bæta við nýjum félögum. Okkur vantar tilfinnanlega tenór raddir og auðvitað fleiri kvenna raddir,“ segir Auður. Kórinn er að byrja æfa fyrir vortónleikana en einnig eru önnur verkefni framundan.



Flateyri. Ljós: © Mats Wibe Lund.

Sjá ekki aðra leið færa

„Það er ekkert tilhlökkunarefni að loka svona starfsemi og síst á þeim stöðum þar sem atvinnuástandið er bágborið. Þetta er mjög leiðinlegt fyrir alla,“ segir Þröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða í samtali við DV, um lokun hjúkrunarheimilisins Sólborg á Flateyri. Hjúkrunarheimilinu, þar sem sjö starfsmenn vinna, verður lokað á árinu og verður heimilismönnum boðið að flytja til Ísafjarðareða Þingeyrar. Þegar Þröstur er inntur eftir því hvort þetta

hafi verið eina lausnin segir hann að á milli árána 2009 til 2010 hafi fjárveiting til hjúkrunarrýma verið skert. Þá hafi staðið til að loka Sólborg. Íbúar Flateyrar söfnuðu undirskriftum og var listinn afhentur Álfheiði Ingadóttir, þáverandi heilbrigðisráðherra, sem varð til þess að ákvörðun um lokun var dregin til baka.

„Það var ekkert bætt í fjárveitingar aftur til rekstursins og frekar skorið meira niður. Þetta er bara framhald af því. Við sjáum ekki aðra leið færa,“ segir

Þröstur. Hann vonast til þess að hægt verði að bjóða starfsmönnum Sólborgar vinnu annars staðar. „Við höfum áhuga á að reyna að bjóða starfsmönnum stöður ef það losnar og ég veit að það hafa farið fram þreifingar nú þegar,“ segir hann.

Guðmundur Björgvinsson, formaður íbúasamtaka Flateyrar, segir einnig í samtali við DV að lokunin sé mjög alvarleg fyrir lítið samfélag og ekki til að bæta ástandið í þorpinu. „Það er búið að boða þessa lokun og það á að

færa gamla fólkið gegn vilja þess eitthvað annað,“ sagði Guðmundur meðal annars. Lýsir hann lokuninni eins og það sé að fá hné í kviðinn. „Okkur finnst standa að okkur úr öllum áttum slæmir hlutir. Okkur er ekki kleift að fá að bjarga okkur við þennan sjávarútveg eins og við erum von að geta bjargað okkur við. Og svo að fá þetta ofan á til viðbótar er mjög alvarlegt fyrir lítið samfélag.“

Stofnaður hefur verið hópur á Facebook þar sem lokuninni er mótmælt. – thelma@bb.is

„Sættum okkur ekki við þetta“

„Þetta er svona eins og að sparka í liggjandi mann,“ segir Guðmundur Björgvinsson, formaður íbúasamtaka Önundarfjarðar, um þá ákvörðun Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á Ísafirði að loka hjúkrunarheimilinu á Sólborg á Flateyri. „Og við sættum okkur ekki við þetta. Síðastliðin ár hefur atvinnulífið á Flateyri orðið fyrir þungum höggum og samfélagið þolir tæplega fleiri áföll í þessum efnunum. Þetta eru þrjú stöðugildi sem sjö einstaklingar sinna í hluta-störfum og það er ekki um aðra vinnu að ræða fyrir fólkið á staðnum, auk þess eru þetta hlutastörf og því erfitt að sækja slíka vinnu yfir til Ísafjarðar,“ segir Guðmundur. Aðspurður um hvort skynsamlegt sé að reka hjúkrunarheimili fyrir einungis tvo vistmenn segir Guðmundur slíka

uppstillingu gefa ranga mynd af stöðunni.

„Vissulega er fáir á hjúkrunarheimilinu þessa stundina en það er villandi að stilla þessu svona upp. Samkvæmt okkar upplýsingum þurfa vistmenn að vera 4-6 svo einingin sé hagkvæm og í ljósi þess að það eru yfir 30 manns komnir á áttæðisaldur í þorpinu, þá er augljóst að til framtíðar lítið verður hjúkrunarheimilið hagkvæmt. Þá er alveg ljóst að vistunarkostnaður á þessu heimili er mun lægri en inn á lokaðri deild á sjúkrahúsi. Það er ósanngjarnt að meta þörfina og hagkvæmni eingöngu út frá deginum í dag. Ef myndin á að vera rétt, þarf bæði að horfa til sögunnar og framtíðarinnar,“ segir Guðmundur.

Á síðasta ári stóð einnig til að

loka Sólborg en íbúasamtökin fengu þeirri ákvörðun hnekk. „Það er náttúrulega galið að þurfa að takast á um þetta á hverju ári og lýjandi til lengdar, en ef við spyrnum ekki við fótunum nú þá óttumst við að öll störf á vegum bæjarins og í heilbrigðisþjónustu leggist af. Það er deginum ljósara að yfirmenn hjá bænum og Heilbrigðisstofnuninni vilja fara þá leið. Það er ekki uppörvandi fyrir íbúa að þurfa sífellt að vera réttlæta hjúkrunarheimilið, heilsugæsluna og skólana. Að mínu mati ætti bærin og ríkið að sam-mælast um að veita þorpinu skjól og standa vörð um þessi örfáu störf á meðan samfélagið nær undir sig fótunum eftir áföll síðustu ára,“ segir Guðmundur.

Aðspurður hvort íbúasamtökin hyggist ganga lengra með

kröfur sínar segir Guðmundur svo vera. „Við verðum að gera það. Við höfum skrifað þingmönnum okkar bréf sem og ráðherra. Bæjaryfirvöld hafa ekki sýnt okkur neinn stuðning í þessum málum svo okkur sé kunnugt um. Á vegum bæjarins starfar atvinnuálagnefnd sem kemur örsjaldan saman, hún sendi reyndar frá sér ályktun þegar einum starfsmanni Rúv á Ísafirði var sagt upp störfum í fyrra, en þegar sjö misstu vinnuna á Flateyri fann hún ekkert athugavert við það. Að mínu viti ætti að leggja þessa nefnd niður og færa atvinnu-málin yfir á forræði bæjarráðs. En miðað við fyrri reynslu er ekki mikils stuðnings að vænta í þessari baráttu okkar,“ segir Guðmundur.

– kte@bb.is

BONUS BONUS BONUS BONUS



BÓNUS ÝSUBITAR
FROSNIR Í RASPI 800g



BÓNUS KJÚKLINGAMOLAR
FROSNIR 1000g



1. KG. FROSID BROKKOLÍ & BROKKOLÍ GRÆNMETISBLANDA
298 kr.



BÓNUS WC PAPPÍR
18 rúllur 200 blöð pr.rúllu.
Samtals 3600 wc-blöð
Aðeins 598 kr.



698
KR. 620g
KJARNAFÆÐI: FROSID 100%
NAUTAHAKK 620g RÚLLAN
FROSID NAUTAHAKK



259
KR. 620g
KJARNAFÆÐI: FERSKT
KJÖTFARS 620g RÚLLAN
FROSID KJÖTFARS



1898
KR. 1300g
BLANDAÐUR SÚRMATUR
SLÁTURFÉL. SUÐURL 1.3 KG.
SS SÚRMATUR



898
KR. KG
FERSKT BLANDA HAKK 100% KJÖT:
60% NAUTAKJÖT 40% GRISAKJÖT
BLANDAÐ HAKK

DRÝGJUM LAUNIN VERSLUM Í BÓNUS



139
KR. 460 gr
BÓNUS SINNEP
TÓMATSÓSA



179
KR. 1 ltr.
BÓNUS APPELSÍNUSAFI
1 ltr. með aldinkjöti
FLORIDA SAFI



FINT & GRÓFT SPELTHVEITI 1 kg. 359 kr.
KALDPRESSUÐ JÓMFRÚAROLÍA 500ml 798 kr.
AGAVE SÝRÓP 425g 598 kr.



139
KR. 2 ltr.



259
KR. 1000g
Barilla SPAGHETTI 1000g



198
KR. 750g
Hunt's SPAGHETTISÓSUR 750g



298
KR. 500g
Tilda HRÍSGRJÓN 500g

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



Endurgert félagsheimilið var skoðað hátt og lágt.



Opið hús í félagsheimilinu

Hátt í 500 manns mættu á opið hús í Félagsheimili Bolungarvíkur á laugardag. „Opna húsið gekk glimrandi vel og allir sem ég talaði leist mjög vel á húsið,“ segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri Bolungarvíkur. Eins og kunnugt er hefur Félagsheimili Bolungarvíkur gengist undir gagngerar endurbætur auk þess sem byggt hefur verið við húsið. Aðspurður segir Elías ekki vera ljóst hvenær félagsheimilið verði fullbúið.

„Við erum með húsgagnapöntun inni og það veltur svolítið á

því hvenær við fáum húsgögnin hvenær hægt er að klára en afgreiðslufresturinn er fremur langur. Svo erum við að klára að setja upp búnað og því verður haldið áfram í vikunni til að gera klárt fyrir þorablotið sem haldið verður um næstu helgi. Við ætlum að halda þorablotið í húsinu þótt húsgögnin verði ekki komin og notumst við gömlu húsgögnin eða lánshúsgögn úr bænum. Formleg opnun hússins verður þó ekki fyrir en að það er fullbúið og ekki er komin dagsetning á

það ennþá.“

Húsið er fjölnota hús sem hentar jafnt fyrir tónleikahald, leiksyningar, ráðstefnur og fundi. Þá henta salirnir í húsinu og úti-svæðið sunnan við húsið vel fyrir hverskyns veisluhöld, árshátíðir og ættarmót. Aðspurður segir Elías að líklegt verði að farið verði út í markaðssetningu hússins sem kjörinn stað fyrir hina ýmsu viðburði.

„Aðstæðurnar verða það góðar að efast ekki um að húsið verði eftirsótt fyrir alls kyns viðburði.

Enda heyrði ég ekki annað á fólki á opna húsinu en að það hefði ýmsar hugmyndir fyrir not hússins.“ Eftir endurbæturnar verða til staðar í húsinu fullkomin kerfi fyrir loftræstingu, hita, ljós og hljóð og blöndun þess ásamt myndvörum og tilheyrandi búnaði. Þá verður þar fullkomið eldhús og bair ásamt tilheyrandi borðbúnaði til veitingaþjónustu.

Heildarkostnaður bæjarsjóðs Bolungarvíkur er nálægt 250 milljónum króna.

– thelma@bb.is

Spurningin

Ferð þú á þorablot í vetur?

Alls svörðuðu 471.

Já sögðu 282 eða 60%

Nei sögðu 189 eða 40%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðvestlæg átt með vætu um landið vestanvert. Hlýnandi veður.

Horfur á laugardag:

Útlit fyrir suðlæga átt með vætusömu veðri, einkum sunnan- og vestantil. Milt í veðri.

Horfur á sunnudag:

Útlit fyrir suðlæga átt með vætusömu veðri, einkum sunnan- og vestantil. Milt í veðri.

Ritstjórnargrein

Félagsheimilið

Hinn fjórtánda apríl 1952 voru fánar víða dregnir á stöng að morgni dags í Bolungarvík. Hátíðarhöld stóðu fyrir dyrum. Fyrsti liður þeirra var guðsþjónusta í Hólaskirkju, en klukkan fjögur þennan dag hófst vígsluathöfn Félagsheimilis Bolungarvíkur, sem grunnur var lagður að 1948. Fram til þessa hafði „gamla stúkuhúsið“ eins og það var oftast kallað, verið athvarf menningarstarfsemi og félagslífs í Bolungarvík. Samanburður á því sem verið hafði og því sem nú blasti við íbúnum var á einn veg. Það var ekki að ástæðulausu að flaggað var í Bolungarvík þennan dag.

Félagsheimilið í Bolungarvík mun hafa verið hið fyrsta sem byggt var með stuðningi félagsheimilassjóðs. Á næstu árum fjölgaði félagsheimilum ört víðvegar um land. Ekki þarf að efa að tilvist þeirra hafði mikil og góð áhrif á félags- og menningarlíf í hinum dreifðu byggðum, svo sem stefnt hafði verið að með stofnun sjóðsins. Bolungarvík bar því gott vitni. Þá fer ekki á milli mála að víða gat bygging félagsheimilanna af sér aukna samstöðu meðal íbúanna. Skemmtilegt dæmi þar um er hvernig stólanna í félagsheimilið í Víkinni var aflað á sínum tíma, sem lesa má um í öðru bindi Sögu Bolungarvíkur.

En allt hefur sinn tíma. Félagsheimilið í Bolungarvík er þar ekki undanskilið. Eftir nær sex áratugi frá fánadeginum mikla varð ekki

komist hjá breytingum og viðhaldi hússins. Og nú hefur heldur betur verið tekið til hendinni. Á laugardaginn voru kynntar endurbætur og stækkun, sem komnar eru á lokastig. Formleg opnun hússins verður þó ekki fyrir en síðar í vetur.

Þótt eflaust megi orða það svo að dregið hafi úr þörfinni fyrir félagsheimilum með breyttum þjóðfélagsháttum, miðað við fyrri tíma, komast bæjarfélög ekki hjá því að hafa einhvern „samastað“ fyrir íbúanna. Í ljósi þess eru endurbæturnar á félagsheimilinu í Bolungarvík þarfar. Þá ættu fyrirhuguð aukin umsvif í rekstri að gefa húsinu aukið gildi. Ástæða er til að samfanga Bolvíkingum af þessu tilefni.

Meira af þessu líku

Bæjarins besta fagnar framsækni Rafskauts ehf. með kaupum á Fánasmiðjunni og Norðurtangahúsinu sem og fyrirtækisins Einarson fishing í framleiðslu veiðihjóla.

Ástæða er til að undirstrika að það er sitthvað að gerast „fyrir vestan“ og að hér eru möguleikar á mörgum sviðum ekki síður en annars staðar; nokkuð sem við verðum sjálf að halda á lofti. Það gera ekki aðrir fyrir okkur.


– s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólögðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Bláðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, kte@bb.is · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



Hvenær sagðir þú síðast við bílinn þinn að þú elskaðir hann?

Reglubundin þjónustuskoðun Toyota



Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fjótlegt.

Reglubundin þjónustuskoðun - Bara lausnir

Komdu með bílinn þinn í reglubundna skoðun hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota. Það eykur endingu hans og viðheldur söluverðmæti.

Vaxtalausar greiðslur

Peir sem koma með bílinn í reglubundna þjónustuskoðun í janúar og greiða með greiðslukorti eiga kost á því að dreifa greiðslum* á þrjá mánuði vaxtalaust frá og með 2. apríl.

Bílatangi Ísafirði

Suðurgata 9
400 Ísafjörður
sími: 456-4580

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

*3% þjónustugjald

Today
Tomorrow
Toyota



Nýr og ómótstæðilegur áfangastaður

**BEINT
MORGUNFLUG
MEÐ
ICELANDAIR
Í ALLT SUMAR**

Gríska eyjan Korfu hefur heillað ferðamenn í gegnum tíðina. Eyjan er fögur og gróðursæl. Sjórinn er tær, strendurnar langar og veðurfar milt. Eyjan iðar af lífi allt sumarið og skemmtanalíf er fyrir alla aldurshópa, barir, klúbbar og diskótek og vatnagarðurinn Aqualand er mjög vinsæll hjá ungu fólki á öllum aldri. Höfuðborgin Kerkyra er nefnd Corfu Town á ensku og er frábær blanda af grískri og ítalskri stemmningu.

Flugsæti

**Verð frá 79.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar**

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallaskattar 28. maí.
* Verð án Vildarpunkta 89.900 kr.

Flugáætlun

28. maí	2. ágúst
7. júní	13. ágúst
18. júní	23. ágúst
28. júní	24. sept.
9. júlí	1. okt.
23. júlí	



Allt innifalið!

Louis Corcyra Beach ★★★★★

Louis Corcyra Beach er gott fjögurra stjörnu „allt innifalið“ hótél, vel staðsett við ströndina í bænum Gouvia. Einungis um 5 mín. göngufjarlægð frá miðbæ Gouvia. Fallegt útsýni er yfir Gouvia-flóann og á hótelinu er barnaklúbbur og skemmtidagskrá.

**Verð frá 155.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í 10 nætur, 18. júní. Allt innifalið. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbyli: 184.900 kr. og 15.000 Vildarpunktar.

*Verð án Vildarpunkta 165.900 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 194.900 kr. m.v. 2.

Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is



**Þú getur notað
Vildarpunktana
hjá okkur**

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

Korfu Gríska draumaeyjan

Nýjung!

Hálft fæði

Ipsos Beach

★★★

Ipsos Beach hótél er snyrtilegt þriggja stjörnu hótél, einungis 50 til 80 metrum frá ströndinni í Ipsos. Við hótelið er sundlaug, barnarlaug, barnaleiksvæði og sólbekkir með ágættri aðstöðu.

**Verð frá 119.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-11) í 10 nætur, 18. júní. Hálft fæði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíþýli: 126.900 kr. og 15.000 Vildarpunktar.

* Verð án Vildarpunkta 129.900 m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 136.900 m.v. 2.

Helion íbúðir

★★★

Helion íbúðagarðurinn samanstendur af sjö tveggja hæða byggingum í stórum og snyrtilegum garði, sem liggur niður að strönd og er stutt frá miðbænum í Gouvía. Gestamóttaka og smáværslun eru í sérhúsi og í garðinum er sameiginlegt sundlaugarsvæði með sólbaðsaðstöðu og snakkbar fyrir öll húsin.

**Verð frá 120.190 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í 10 nætur, 18. júní. Verð á mann m.v. 2 í íbúð: 130.920 og 15.000 Vildarpunktar.

* Verð án Vildarpunkta 130.190 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 140.920 kr. m.v. 2.



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP



VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

Hefur brallað margt um dagana

Sigurður Ólafsson, sem iðulega er kallaður Búi, hefur í fjölmörg horn að líta. Hann átti stóran þátt í stofnun Krabbameinsfélagsins Sigurvegarar fyrir hátt í tíu árum síðan, er formaður þess í dag og jafnframt forseti Kiwanisklúbbsins Bása.

Kom heim vegna kíghósta

Sigurður hefur verið kallaður Búi frá fæðingu, eða svo til. „Ef fólk hringir í mig og ég svara og kynni mig sem Sigurð heldur það að það hafi hringt í vitlaust númer og skellir bara á,“ segir Búi og hlær. „Þetta gerðist víst þannig að móðursystir mín byrjaði að kalla mig þessu gælunafni áður en ég var skírður og það hefur loðað við mig síðan - sem er nú bara af hinu góða,“ bætir hann við.

Búi hefur komið víða við og sinnt hinum fjölbreytilegustu störfum. Hann er fæddur á Ísafirði árið 1936 og ólst þar upp til fimm ára aldurs. „Þá fluttum við suður, því pabbi fór að vinna hjá Bretanum í Reykjavík. Hann var að keyra vörubíl. Þegar ég var sjö ára var ég svo sendur hingað heim til afa og ömmu til að fara í skóla. Það var vegna þess að það gekk þá mikill kíghósti í Reykjavík og skólar þar voru lokaðir. Ári síðar fluttu foreldrar mínir svo aftur á Ísafjörð og við vorum hér upp frá því,“ útskýrir Búi.

Skólagöngu Bía lauk eftir annan bekk í gagnfræðaskóla og þá hélt hann út á vinnumarkaðinn. „Ég fór sextán ára gamall aftur til Reykjavíkur, þar sem ég fór að vinna í Vélsmiðjunni Keili, en þaðan var ég svo sendur upp á Keflavíkurflugöll í eitt og hálft ár. Svo var ég hjá Málmsteypunni Hellu, þá kom verkfall og ég fór aftur heim, fór á síld eitt sumar, tók 1. stig vélaskólans hér á Ísafirði, fór svo aftur til Reykjavíkur og var þar um tíma. Ég held að það sé óhætt að segja að ég sé búinn að bralla margt um dagana, segir hann og kímir.

Hefur komið víða við

Búi snéri aftur heim á Ísafjörð

21 árs gamall. „Þá settist ég hér að. Ég kynntist stúlku hér og giftist henni. Ég var nítján ára þegar við trúlofuðum okkur og við áttum 48 ára brúðkaupsfæli núna í desember. Það stýttist í gullið hjá okkur,“ segir hann frá og brosir. Kona Bía er Róslaug Agnarsdóttir, fædd á Sauðárkróki, og saman eiga þau fimm börn.

Búi var lengi viðloðandi sjóinn. „Ég byrjaði á sjó með föður mínum sem var skipstjóri. Ég fór svo sjálfur út í útgerð og keypti mér bát, en þá hafði ég reyndar áður verið í útgerð með bróður mínum. Við keyptum saman bát sem hét Gullfaxi. Svo skildu leiðir og ég keypti mér eigin bát og hann sömuleiðis ári síðar. Ég var hér í rækju í nokkra vetur og keyrði svo flutningabíl á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur á sumrin. Ég keyrði fyrir Pétur Guðna Einarsson heitinn í Bolungarvík í nokkur ár,“ útskýrir Búi. „Það er ósköp erfitt að alhæfa um einhvern starfstíl á mig,“ bætir hann glettnislega við.

Auk þessara starfa hafði Búi Coca Cola-umboðið á sínum snærum um hríð og var sömuleiðis vörubílstjóri á Ísafirði um skeið. Hann átti einnig hlut í Rækjustöðinni hf. „Pabbi minn og bróðir voru stofnendur að henni og ég kom svo seinna inn í hana,“ útskýrir Búi. „Ég gerðist verkstjóri þar og var þar þangað til að hún hætti. Hún var síðar sameinuð Norðurtanganum og Básafelli, og ég hélt þá áfram, sem útverkstjóri. Ég starfaði þar alveg þar til ég hætti að vinna fyrir rúmum tveimur, nei þremur árum,“ leiðréttir hann sig. „Tíminn er svo fljótur að líða – hann hleypur frá manni,“ bætir hann við.

Fenginn til að stofna Sigurvegarar

Þegar blaðamaður náði tali af Bía var hann að dreifa síðustu jólakortum Sigurvegarar í verslanir. Hann er enda formaður félagsins og hefur verið það í nú af tæpum tíu starfsárum Sigurvegarar. Það má segja að Búi eigi

mikinn heiður af því að koma félaginu á laggir, enda kveðst hann sjálfur ekki hafa komist hjá því að hugsa um það sem barnið sitt.

„Þannig var að það var hringt í mig, sem Kiwanismann, og ég beðinn um að taka að mér að stofna eða endurverkja gamalt krabbameinsfélag sem var starfrækt hérna í mörg ár. Það hét, að mig minnir, Krabbameinsfélag Ísafjarðar og síðasti formaður þess var Úlfur Gunnarsson læknir, sem hafði verið í því í fjölda ára,“ útskýrir hann.

Skömmu áður hafði Krabbameinsfélag Íslands staðið fyrir söfnun á landsvísi og hafði þá leitað til Kiwanis um að hafa umsjón með henni. „Ég varð forvarsmaður þeirrar söfnunar og kynntist fyrir vikið fólkinu sem stóð að henni. Þegar það var allt um garð gengið fékk ég símtal þar sem ég var spurður hvort ég hefði hug á að aðstoða við að

endurverkja þetta gamla félag eða stofna nýtt.“

Úr varð að gamla félagið var endurvakið. „Við ákváðum að við værum að endurreisa krabbameinsfélagið, en með nýju nafni. Það var vegna þess að gamla félagið átti smá aur inni á bók í bankanum sem við gátum þá nýtt okkur í starfið. Á stofnfundinum óskuðum við bara eftir nýjum nöfnum á félagið og af mörgum tillögum varð þetta ofan á, Sigurvegarar. Það voru allir sáttir við það. En við stækkuðum líka starfsemina, þannig að nú störfum við á norðanverðum Vestfjörðum og ekki bara á Ísafirði. Við erum með Hólmavík, Strandir og allt að Þingeyri,“ segir Búi.

Kann ekki að segja nei

Á stofnfundi Sigurvegarar, sem haldinn var á hótelinu á Ísafirði 4. nóvember 2001, var Sigrún Sigurðardóttir, hjúkrunarfræð-

ingur, kosin formaður. Eftir um eins árs setu fluttist hún hins vegar úr bæjarfélaginu.

„Þá var leitað til mín aftur af stjórn félagsins – hvort ég vildi ekki koma þarna inn og vera formaður fram að næsta aðalfundi, eða þar um bil. Mér fannst að ég gæti ekki skorast undan því – þetta var nú svolítið barnið mitt, ég var búinn að vinna í því að koma þessu á koppinn. Svo ég gekkst við þessu og hugsaði sem svo að ég sæti bara fram að næsta aðalfundi, þá yrði kosin ný stjórn og ég væri laus aftur. Svo fór ekki alveg svo,“ segir Búi og hlær, en hann sinnir enn þessu tíma- bundna formannsstarfi, níu árum síðar.

„Það er einhvern veginn þannig að maður kann svolítið illa að segja nei. Það vantar stundum,“ segir hann og brosir. „Það verður hins vegar líka að koma fram að ég myndi ekki vera þarna nema af því að ég hef verið með alveg



frábært fólk í stjórn með mér. Þetta er ekki gerandi öðruvísi. Það þarf að vera góður og samhentur hópur sem getur unnið saman, rætt málin og leyst það sem hægt er að leysa,“ segir Búi.

Styrkja sjúklinga og aðstandendur

Starf Sigurveonar felst aðallega í því að upplýsa fólk og taka á móti fyrirspurnum, og styrkja sjúklinga og aðstandendur eftir fremsta megni.

„Við erum með opna skrifstofu þrjá daga í viku í tvo tíma í senn, þar starfar stúlka sem heitir Ingibjörg Snorradóttir Hagalín og er alveg frábær. Hún svarar þar í síma og veitir allar þær upplýsingar sem fólk leitar eftir hjá okkur. Við reynum að svara öllum þeim fyrirspurnum sem við getum, en sumu getum við hreinlega ekki svarað og vísum fólki þá áfram til lækna og ann-

arra,“ útskýrir Búi.

Sigurveon veitir sömuleiðis styrki til krabbameinssjúklinga og greiðir leigukostnað fyrir þá sem sækja meðferð í Reykjavík. „Krabbameinsfélag Íslands rekur í samvinnu við Rauða krossinn húsnæði í Reykjavík og við höfum greitt fyrir sjúklinga sem hafa þurft að vera þar inni. Það er dálítið stór þáttur í okkar fjáröflun að geta staðið við það,“ segir Búi, sem segir það skipta sjúklinga miklu máli að hafa öruggt húsaskjól á meðan á meðferð stendur.

„Það er alveg nóg að sjúklingar þurfi að berjast við sitt mein, þó þeir þurfi ekki líka að hafa áhyggjur af fjárhag eða að geta ekki verið í húsnæði þar sem þeir geta gengið út og inn eftir þörfum, og þurfa ekki að vera upp á aðra komnir. Það er ekkert gott. Það eru alls ekki allir sem eiga skyldfólk í Reykjavík þó þeir séu margir,“ segir Búi. „Á

meðan við höfum bolmagn til höldum við þessu áfram,“ bætir hann við.

Sigurveon hefur því greitt þennan kostnað fyrir félagsmenn sína allt frá þriðja ári, sæki þeir um það, en sömuleiðis veitt einstaklingum og fjölskyldum styrki.

Vinir í von

Skrifstofa Sigurveonar fluttist í sumar að Pollgötu 4. „Það breytti mjög miklu. Við vorum áður í óhentugu húsnæði með mun verri aðkomu, það var uppi á annarri hæð. Margir veigruðu sér við að fara upp stigana, svo það hefur breytt miklu fyrir okkur og starfsemi að komast í þetta húsnæði,“ segir Búi.

Sigurveon stendur einnig fyrir ýmsum fundum og þá helst vegna félagsins sem kallast Vinir í von. „Það er stuðningshópur fyrir greinda sjúklinga og aðstandendur þeirra. Við höfum aðstöðu til

að taka á móti fólki, sem getur komið til okkar og sest niður, annað hvort yfir súpudisk eða kaffibolla, og spjallað saman. Við höfum líka komið saman og tekið í spil og svona,“ segir Búi.

Hann segir stuðningshópin þó hafa átt nokkuð erfitt uppráttar, en hann blómgist núna. „Það verður að segjast eins og er að í svona litlu bæjarfélagi eins og Ísafirði hefur fólk kannski ekki viljað bera það á torg að það sé veikt. Það er ekki svo langt síðan að varla var talað um krabbamein og veikindi. Það var eins og fólk kærði sig ekki um að segja frá því að það væri með krabbamein og sat jafnvel frekar heima en að fara á mannámót eða slíkt,“ segir Búi huggsi.

„En þetta lofar góðu hjá okkur. Við höfum verið að berjast í því að koma þessu á koppinn síðustu ár og það hefur gengið svona upp og ofan. Fólk mætti ekki mjög vel þar til í fyrra, þá fundum

við að það var að koma í þetta fastur kjarni sem hefur svo aðeins hlaðið utan á sig,“ útskýrir hann.

Auk þess að veita krabbameinssjúklingum og aðstandendum tækifæri til að hittast yfir kaffisopa og fá stuðning hvort af öðru hafa Vinir í von tekið sér ýmislegt fleira fyrir hendur. „Við höfum spilað saman og farið út að ganga. Núna fyrir jólin fengum við stúlku til að koma og kenna okkur að gera jólakransa og fleira. Það hefur lukkast vel. Við ætlum að halda áfram í þessu starfi og reyna að efla það eins og við getum,“ segir Búi.

Finna mikinn velvilja

Sigurveon aflar fjár til verkefna sinna eftir ýmsum leiðum, en þar fara félagsgjöldin fremst í flokki. „Fjáröflunarleiðir okkar eru annars fyrst og fremst jóla-kortin og minningarspjöldin sem við erum með. Þau eru til sölu

um allt, bæði minningarspjöldin og jólakortin – frá Hólmavík til Þingeyrar. Á Hólmavík býr stúlka sem er varamaður í stjórnninni og hefur verið mjög dugleg,“ segir Búi.

Félaginu berast hins vegar líka stærri peningagjafir. „Ég get alveg sagt frá því að við fengum nýlega stóran styrk, hálfa milljón króna, frá fiskisölufyrirtæki í Hull í Englandi. Það er Íslendingur sem rekur fyrirtækið. Hann sendi fyrirspurn hingað í bæinn, til forsvarsmanna Kampa, og sagði að fyrirtækið væri tíu ára og vildi gefa einhverja upphæð á þeim tímamótum. Hann vildi fá ábendingar um líknarfélög á svæðinu og þeir voru svo elskulegir að þeir bentu á Sigurvon,“ segir Búi, sem segir slíka styrki vera mikla lyftistöng fyrir félagið. „Það má segja að svona styrkir séu bara hálfgerð guðsgjöf. Þetta kemur sér alltaf jafn vel,“ segir hann.

Velviljann er sömuleiðis að finna öðrum vígstöðvum. „Við höfum undanfarin ár verið með blettaskoðun á sjúkrahúsinu. Hún hefur verið alveg ótrúlega vel sótt – það koma á bilinu 60 og 80

manns hverju sinni. Þar taka tveir læknar á móti fólki til að skoða bletti. Ef eitthvað þarf að gera vísa þeir fólki svo áfram. Þetta hafa þeir gert okkur að kostnaðarlausu, bara til að styrkja félagið og félagsstarfið. Það hefur verið alveg frábært og við fáum svona framlög víða,“ segir Búi.

Gefa til baka

Velvild sjúkrahússins virkar hins vegar á hinn veginn líka, því Sigurvon hefur gefið húsinu tæki til að létta meðferð krabbameins-sjúklinga. „Við gáfum pening í nýtt sneiðmyndatæki og í vor færðum við ásamt öðrum sjúkrahúsinu hanskaskáp, til íblöndunar krabbameinslyfja, að gjöf. Hann er til að blanda lyf fyrir krabbameinssjúklinga, svo þeir þurfi ekki að fara suður í hvert skipti til að fá lyfin sín. Við reynum að vera alls staðar þar sem við getum með þessi málefni,“ útskýrir Búi, sem segir það vera mörgum dýrmætt að geta fengið meðferðina heima við.

„Ferðirnar suður taka sinn toll. Fólk þarf að fljúga til Reykja-

víkur og fara á sjúkrahús. Oft er það þannig að fólk kemst ekki heim samdægurs og þá kostar það gistinótt. Þeir sem geta fengið þessa meðalagjöf hér reyna það, en það eru því miður ekki allir sem fá það. Stundum er það kannski vegna þess að læknar vilja fá sjúklinginn suður,“ segir hann.

Kiwanisklúbburinn Básar

Auk formennskunnar í Sigurvon er Búi sem áður segir einnig forseti Kiwanisklúbbsins Bása, sem hann hefur verið meðlimur í frá því að hann tók til starfa. „Ég er forseti eins og er, en það er bara eitt ár í einu. Við höfum skipt þessu með okkur,“ útskýrir Búi, sem er einn af stofnendum klúbbsins. „Ég tók það nú reyndar ekki að mér að stofna hann, það var Sturla Halldórs heitinn. Klúbburinn er orðinn alveg hundgamall, hann verður 35 ára núna í mars,“ segir hann og brosir.

Þar er Búi sömuleiðis með fingurna í góðgerðastarfi, en Kiwanisklúbburinn Básar hafa veitt

fjölmarga styrki til bæði einstaklinga og félagasamtaka í gegnum tíðina. Aðspurður hvort það sé ekki að mikið að gera dregur Búi seiminn: „Jú, það er stundum svolítið mikið, sértaklega yfir þennan árstíma. Að vísu er rólegra í Kiwanis í desember, alveg fram að áramótum. Við höldum árvissan nýársfagnað fyrir eldri borgara á Ísafirði 2. janúar,“ segir hann.

Innan Kiwanisklúbbsins starfar hann sömuleiðis með góðu fólki. „Við erum sautján sem erum skráðir í Bása. Við róum hins vegar að því öllum árum að reyna að fjölga okkur,“ segir hann og hlær.

Þörf til að hjálpa

Búi er þekktur fyrir hjálpsemi sína og fórnfýsi, sem góðgerðastarf hans í gegnum árin er gott dæmi um. Hann er hins vegar tiltölulega lítið fyrir að koma sjálfum sér á framfæri, eða „grobba sig“ eins og hann orðar það sjálfur. Aðspurður kveðst hann heldur ekki vita almennilega hvað starfið veiti honum persónulega.

„Ég satt að segja veit það ekki. Ég er í sjálfa sér ekki að sækjast eftir neinu fyrir mig. Maður kynnist góðu fólki og vill auðvitað halda þeim tengslum og þess háttar. Ef ég segi alveg eins og er þá finnst mér ég á einhvern hátt þurfa að gera þetta – án þess að ég geri mér grein fyrir því hvað eða hvort ég fæ eitthvað út úr því. Ég finnst hjá mér þessa þörf og hef ánægju af starfinu,“ segir Búi.

Hann kveðst þó vera að undirbúa samstarfsfólk sitt fyrir að hann fari að draga sig í hlé. „Ég hef nú verið að segja við stúlkurnar sem eru með mér í starfinu síðustu tvö ár að röðin fari að koma þeim, þær geti farið að búa sig undir að taka við þessu,“ segir hann og hlær við. „Ég er nú reyndar búinn að vera á leiðinni að hætta alveg frá upphafi, það gengur bara hægt,“ bætir hann brosandinn við.

„En það hlýtur að koma að því einhvern daginn, og alltaf kemur maður í manns stað. Ég held alls ekki að félögin lognist út af ef ég hætti – ég veit að það er til fullt af góðu fólki, og ekkert síðra, sem getur tekið við þessu. Ég hef sjálfur í rauninni enga þekkingu á krabbameini eða krabbameinssjúklingum, þannig lagað. Ég ræði slíkt ekkert við félagsfólk, ég hef engar forsendur til þess. Stúlkurnar sem vinna með mér hafa það hins vegar. Og þetta starf byggist auðvitað fyrst og fremst á svona góðri samvinnu,“ segir hann.

Leikur sér á sjónum

Eins og liggur í augum uppi hefur Búi í mörg horn að líta í félagsstarfi. Hann segist enda



varla hafa fundið fyrir því þegar hann hætti að vinna fyrir þremur árum síðan.

„Ég hafði einhvern veginn alveg nóg fyrir stafni,“ segir hann. „Alveg frá því að ég hætti að gera út hef ég átt lítinn bát með sonum mínum tveimur. Maður fer svona túr og túr á honum og leikur sér aðeins. Við höfum verið á strandveiðum á honum, alveg frá því að þær byrjuðu. Þar áður notaði maður þetta bara sem leikfang – maður gat þá veitt sér í soðið og skroppið herna norður í Jökulfirði eða á Strandir,“ segir Búi, sem sækir reglulega í náttúruna þar. „Það er ekki verra að komast þangað, þetta er náttúrulega algjör paradís. Ég geti ekki hugsað til þess að komast ekki þangað einhvern tíma yfir sumarið. Ég reyni að fara aldrei minna en tvisvar, þrisvar á hverju sumri,“ segir hann.

Þar að auki á Búi sumarbústað í Arnardal. „Þar erum við eins og hægt er og dundum við að gera þennan sælureit sem bestan, bæði með trjárækt og öðru. Þetta er frábær staður og stutt að fara og ekki er verra að barnabörnin hafa sókst eftir að vera þar,“ segir hann. Synir hans hafa sömuleiðis byggt sér bústað. „Þeir fluttu hann í Borgarfjörð frá Flateyri og ég hef farið þangað og dundað heilmikið líka. Ég hef alltaf haft nóg fyrir stafni. Ég þarf ekkert að kvarta,“ segir hann og kímir.

„Ég á líka góða og samhenta fjölskyldu og líður vel. Við eigum fimm börn. Fjögur þeirra eru herna á Ísafirði. Einn er núna að vinna hjá Benz úti í Manchester, hann réð sig þar síðastliðið sumar. Svo eigum við Róslaug sæg af barnabörnum og meira að segja þrjú barnabarnabörn núorðið. Fjölskyldan fer stækkandi og það eru allir hraustir. Það er fyrir öllu,“ segir hann að lokum. – Sunna Dís Másdóttir.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands kynnir:

Lífshlaupið

Skráðu þig í Lífshlaupið

- Vinnustaðakeppni
- Hvatningarleikur í skólum
- Einstaklingskeppni

Skráning og nánari upplýsingar á:
www.lifshlaupid.is

Lífshlaupið er fræðslu- og hvatningarverkefni ÍSÍ fyrir alla aldurshópa. Markmið þess er að hvetja landsmenn til þess að fara eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um hreyfingu og gera hreyfingu að föstum lið í lífsstíl sínum.

Lífshlaupið byrjar 2. febrúar!

Ísland á liði Hreyfa sig!

Samstarfsaðilar

Ólympíufjölskyldan

Lífshlaupið Þín heilsa – þín skemmtun

Lokafrestur 31. janúar

Endurgreiða má virðisaukaskatt vegna kostnaðar við aðkeypta vinnu við viðhald og endurbætur á íbúðar- og frístundahúsnæði. Samhliða má lækka tekjuskattsstofn um mest 200.000 kr. hjá einhleypingi og 300.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki. Frestur til að skila inn umsókn vegna vinnu á árinu 2010 rennur út 31. janúar næstkomandi.

Ef sótt er um eftir þann tíma vegna framkvæmda á síðasta ári heimilast aðeins endurgreiðsla á virðisaukaskatti en ekki lækkun á tekjuskattsstofni.

Húsfélög sem fengið hafa endurgreiðslu á virðisaukaskatti fyrir hönd eigenda þurfa að skila til ríkisskattstjóra sundurliðun á kostnaði þannig að eigendur geti átt rétt á lækkun á tekjuskattsstofni við álagningu 2011.

**Til að lækka tekjuskattsstofn þarf að skila umsókn
í síðasta lagi 31. janúar**



RÍKISSKATTSTJÓRI

Gerir portrett í mósaík

Matthildur Helgadóttir Jónu-dóttir tekur sér ýmislegt fyrir hendur. Dags daglega, í „alvöru vinnunni“, er hún framkvæmdastjóri Snerpu. Á síðari árum hefur hún hins vegar einnig einbeitt sér að því að veita sköpunargleðinni sem hún hefur alltaf borið innra með sér útrás í ýmsum verkefnum.

Fer í Listaháskólann seinna

Þeir sem lifa og hræst í menningarlífi Ísafjarðar hafa eflaust ófáir séð Matthildi bregða fyrir á sýningum, viðburðum – nú, eða á hlaupum. Hún hefur komið að ófáum viðburðum, til dæmis útgáfu á dagatali Þjóðbúningafé-

lags Vestfjarða, og er iðulega með fleiri en einn eða tvo bolta í loftinu.

„Ég hef nú prófað ýmislegt, allt nema að fara í Listaháskólann. Ég segi stundum að ég geri það bara þegar ég verð stór,“ segir Matthildur og hlær við. „Núna er ég bara eitthvað að dútla mér í framkvæmdastjórn í tölvufyrirtæki, en maður á kannski eftir að fullorðnast eitthvað og verða alvöru listamaður í eyðidal,“ bætir hún við og brosir.

Þrátt fyrir að hafa alltaf haft listræna hæfileika var það ekki fyrr en í kringum fertugt sem Matthildur fór að sinna kalli listagyðjunnar.

„Ég var svo lánsöm að fæðast með listræna hæfileika. Eftir því sem líður á árin hefur verið að renna upp fyrir mér að

manni líður betur ef maður notar þá! Það var í raun ekki fyrr en eftir fertugt sem ég fór að sinna þessu í alvöru. Maður var bara í brauðstritinu og að ala upp börn. Ég var alls ekki alltaf teiknandi sem krakki og unglingur, en ég hef hins vegar alltaf verið handlagin, eins og allir í minni fjölskyldu,“ útskýrir Matthildur.

Úr þæfingu í eldsmiðju

Eftir að Matthildur fór fyrst að þreifa fyrir sér í listsköpun hefur hún sótt fjölda námskeiða og prófað sig áfram. „Ég er búin að læra að vinna í silfur og einhvern tímann var ég á fullu að þæfa, ég hef verið að tálga og gert allt mögulegt. Ég fór meira að segja í eldsmiðju, sem mér fannst mjög gaman,“ segir Matthildur.

„Maður finnur smám saman í hverju maður er góður og hverju ekki. Ég fór til dæmis á námskeið í að mála með olíulitum til ágætis vinkonu minnar, Holly Hughes. Ég var ekkert sérstaklega góð í því. Ég var eiginlega orðin eins og ein litaklessa. Hún benti mér á að þetta væri mjög óhollt og ég yrði örugglega ekki góður málari. Ef ég ætlaði að mála þá skyldi ég nota akrýl – þó ekki væri nema heilsunnar vegna,“ segir Matthildur

og hlær við.

Eftir að hafa prófað sig áfram hefur hún hins vegar fundið sig í mósaík, að minnsta kosti að svo stöddu.

Finnur flísa-poka á tröppunum

Matthildur vinnur helst úr grófum flísum. „Það heillar mig meira að vinna með stóra hluti. Helst vil ég nota náttúrustein en ég nota líka mikið afganga, bæði restar af flísum og eins notaðar flísar,“ útskýrir Matthildur.

Þeir eru þó nokkrir sem vita af þessari notkun hennar á flísaafgöngum, sem er nokkuð sem hún nýtur góðs af. „Stundum finnst ég poka af flísum hérna á tröppunum á mér, eða þá að ég fæ símtöl og ábendingar um hvar ég get komist yfir flísar. Stöku sinnum kaupi ég líka flísar, en mér finnst gaman að endurnýta. Í þessu vestræna samfélagi þar sem svo miklu er hent er gaman að nota efni sem átti kannski að fara á haugana og gera eitthvað nýtt úr því,“ segir hún.

Flísarnar brýtur hún svo sjálf, í stað þess að skera þær til. „Stundum brotna þær ekki alveg eins og ég hafði hugsað mér og þá þarf maður kannski að reyna aftur. Þetta er svolítið þúsl. En það er líka gaman að hafa ekki alveg fullkomna stjórn á þessu,“ segir Matthildur.

Það er þó ekki bara flísarnar sem hafa orðið grófari með árunum, heldur hafa verk Matthildar sömuleiðis stækkað. „Núna er ég að vinna í portrettmyndum sem eru svona 50x140 cm. Ég hefði gjarnan viljað hafa þær stærri, en þá lofta ég þeim hreinlega ekki,“ segir hún glettin.

Misjafnar fæðingar

Listaverk Matthildar verða ekki öll til á sama hátt. „Það er oft þannig að ég veit ekkert almennilega hvað ég ætla að gera þegar ég byrja. Stundum veit ég hins vegar alveg hvað ég vil gera, byrja á því og út kemur eitthvað allt annað,“ útskýrir hún.

Skömmu eftir að hún hafði lokið námskeiði í mósaík datt henni að gera mósaíkverk á borð. „Þá áttum við kaffihúsið Langa Manga og þurftum að gera við borðin þar. Ég setti lopapeysumynstur á eitt borð þar. Svo lét ég plata mig inn í Þjóðbúningafélagið og saumaði mér peysuföt. Þá varð ég svolítið heilluð af þeim heimi; menningararfinum, Þjóðbúningnum, þessu gamla handverki og kvennavinnunni,“ útskýrir

Matthildur. Í kjölfarið enduðu tvær konur á peysufötum á öðru borði.

Nú hefur hún hins vegar í smíðum stórar portrettmyndir, jafnt af raunverulegu fólki og erkitýpum úr íslensku samfélagi. Þar á meðal er íslenskur sjómaður, fiskvinnslukona og portrett af eiginmanni Matthildar, tónlistarmanninum Gumma Hjalta.

Fiskvinnsludraugar í umferð

„Ég ætlaði að gera sjö portrett, blöndu af erkitýpum og öðru fólki. Sjómaðurinn er til dæmis enginn ákveðinn sjómaður, heldur bara hugmyndin um sjómann. Hún er byggð á einhverri mynd sem ég átti af pabba. Svo fann ég reyndar myndina seinna, og hún var þá allt öðruvísi en mér fannst ég muna,“ segir Matthildur og brosir.

Fiskvinnslukonan hefur hins vegar verið til nokkurs ama. „Þessir einstaklingar láta hafa mismikið fyrir sér,“ segir Matthildur og kímir.

„Fiskvinnslukonan sem ég er núna búin að vera með á borðinu niðri í Norðurtanga í örugglega tvo, þrjá mánuði, vill aldrei verða alveg eins og ég vil hafa hana. Ég er alltaf að hætta við og taka af henni höfuðið aftur og svona. Ég vinn þetta í gamla vinnslusalnum, og ég segi nú stundum að það séu kannski einhverjir fiskvinnsludraugar þarna að hrekkja mig. Þær eru kannski að rífast um hver fái að birtast þarna. Ég hugsa að það endi með að ég fari og taki mynd af fiskvinnslukonu og noti andlitið á henni!“ segir Matthildur og hlær.

Áskorun að gera portrett

Það er auðvelt að ímynda sér að erfitt sé að skapa nákvæmar eftirlíkingar í mósaíkverkum, sem Matthildur samsinnir. „Á portrettmyndinni af manninum mínum þarf hann til dæmis að þekkjast og það er töluverð áskorun. Andlitið á honum er kannski úr tuttugu flísum, eða minna. Það er erfitt að ná því.“

Þá skiptir efniviðurinn sömuleiðis máli. „Þegar maður vinnur með svona gróft efni er heldur aldrei hægt að gera hárréttan svip. Ég geri til dæmis bara vanga-svipinn á manninum mínum. Það má kannski líkja þessu við skopmyndateiknunar – maður finnur eitthvað einkenni og reynir að koma því til skila, rétt eins og





skopmyndateiknarinn ýkir einhver persónueinkenni,“ útskýrir hún.

Matthildur vonast til að verkin verði tilbúin til afhjúpunar í sum-

ar. „Það er kosturinn við að vera ekki atvinnulistamaður – mér liggur ekkert á. Þetta kemur bara til af þörfinni að skapa. En ég viðurkenni alveg að stundum

langar mig ekkert í alvöru vinnuna, þegar ég er kannski í einhverju flæði sem mig langar að grípa,“ bætir hún við.

– *Sunna Dís Másdóttir.*



Sýni tekið úr dauðfiskaháfi.
Mynd: Valdimar Ingi Gunnarsson.

Vibríuveiki veldur afföllum í eldi

Mikil afföll eru af völdum vibríuveiki í flestum eldiskvíum hjá Hraðfrystihússins Gunnvarar að því er fram kemur í ársyfirliti AVS sjóðsins. Í umræddu AVS verkefni voru könnuð afföll í kvíum hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru hf. sem er með eldi í Álfafirði við Ísafjarðardjúp og hjá HB Granda hf., en þeir eru með eldi í Berufirði. Rannsóknin miðaðist eingöngu að því að greina orsakir affalla á fiski sem háfaður var upp úr eldiskvíum. Kemur þar meðal annars fram að annað hvort séu seiði ekki bólusettt eða að hún ekki nægjanleg.

„Fyrri tilraunir með bólusetningu fyrir vibríuveiki hafa skilað góðum árangri hér á landi Afbrigði af vibríuveiki eru mörg og er sjúkdómurinn ennþá verulegt vandamál í norsku þorskeldi,“ segir í skýrslunni.

Ástæða þykir að kanna hvort hægt sé að bæta bólusetningu á eldisþorski með það að markmiði að draga úr afföllum á fiski. „Hjá HB Granda var fiskurinn lyfjafóðraður að vísu nokkuð seint eða um einum og hálfum mánuðum eftir að afföll vegna sýkingarinnar hófust. Ekkert var lyfjafóðrað hjá HG og er vert að skoða ávinninginn af því að lyfjafóðra fiskinn með það að markmiði að draga úr afföllum.“ segir í skýrslunni.

Í rannsókninni kom fram að töluverð afföll eru á eldisþorski í sjókvíum og geta ástæður verið margvíslegar. Í sumum tilfellum voru sýkingar miklar

sem að líkindum orsökuðu afföll. Í dauðfiskasýnum var töluvert af horfiski og vansköpuðum fiskum eða 20-40% af heildarfjölda. Afföll sem orsakast af sárum voru allt upp í tæp 30% og mest áberandi voru sár af völdum afræningja. Hlutfall þarmaveiki var yfirleitt 10-15%. Afföll sem rakin eru til hrygningarstíflu voru tiltölulega lítil og jukust eftir því sem fiskurinn var stærri.

Þá var mælt með að nota neðansjávarmyndavélur til að fylgjast með atferli og fódurtöku fisksins. Þegar fóðri er dreift í yfirborðið er alltaf hætt á að fóðurköggjar berist út úr kvínni áður en þeir berast niður að botni hennar. Með því að dæla fóðri niður í kví rétt ofan við fiskinn þar sem hann heldur sig niður við botninn má eflaust betur tryggja að sem flestir fiskar fái fóður. Hugsanlegt er að horfiskum fjölgi ef ákveðið hlutfall fískanna hefur takmarkað aðgengi að fóðrinu.

„Margir eldismenn í Noregi hafa staðfest að afföll virðast aukast á meðan eða eftir mikla fódurtöku hjá fiskinum. Það er því ekki óeðlilegt að álykta að það sé samhengi á milli góðrar fódurtöku og þarmastíflu. Það er samt ekki þar með sagt að fóðrið eða fóðrunin sé orsök vandamálsins. Trúlega er orsakasamhengið flóknara og aukin fódurtaka komi aðeins ferlinu af stað (Kaada 2008),“ segir í skýrslunni sem nálgast má á vef AVS.

– *thelma@bb.is*

smáar

Til sölu eru trog undir þorra-
matinn og á þorrablotin. Uppl.
í síma 895 1633 og 456 6133.

Til leigu er 3ja herb. íbúð á eyr-
inni á Ísafirði frá 1. febrúar.
Efri hæð í tvíbýlishúsi með
sérinngangi og sameiginlegu
þvottahúsi. Aðeins reyklaust
og reglusamt fólk kemur til
greina. Uppl. í símunum 867
4832, 897 4249 og 865 0178.

Til leigu er nýlega uppgerð
2ja herb. íbúð að Miðtúni 27.
Upplýsingar gefur Hannes í
síma 861 0042.

Óska eftir bókahillu, náttborði,
litlu og nettu skrifborði fyrir
lítinn pening. Upplýsingar í
síma 663 9736.

Til sölu er nýr stofuskápur frá
Nýform. Uppl. gefur Bjóssi í
síma 456 2245 og 863 9245.

Til leigu er 3ja herb. íbúð, 100
m² í miðbæ Ísafjarðar. Íbúðin
er laus. Uppl. í s. 666 4000.

Óska eftir ónýtum Ford Eco-
noline með heilli díselvél. Uppl.
í síma 861 1056.

Er stóllinn eða borðið að lið-
ast í sundur, skúffan týnd eða
eitthvað brotið? Geri við og
smíða flest til upplýftingar fyr-
ir kotið. Smíð-Arnar Hnífsdal
sími 861 1056.

Skíðavikan undirbúin

Undirbúningur fyrir hina
árlegu Skíðaviku á Ísafirði
er hafinn. Skíðavikustjóri
verður Margrét Halldórs-
dóttir, íþrótta- og tómstunda-
fulltrúi, líkt og undanfarin
ár. Hún hefur nú þegar hafist
handa við að safna saman
viðburðum yfir páskahegina
og eru þeir sem hyggja á
uppákomur af einhverju tagi
beðnir um að hafa samband
á fristund@isaffjordur.is.

„Er mikill Hnífsdælingur“

Róbert Heimir Halldórsson
fékk á dögunum leyfi til að bæta
Hnífsdal við nafn sitt. Er hann
fyrstur Íslendinga til að bera það
millinafn eftir því sem blaða-
maður kemst næst. „Ég hafði
hugsað þetta sem strákur að alast
upp í Hnífsdal að það væri gaman
að heita Hnífsdal. En svo gleymd-
ist það bara. Svo sá ég á haust-
mánuðum að það var maður í
Grindavík sem sótti um nafnið
Grindvík þar sem hann hafði búið
þar í 40-50 ár og þá kom þessi
hugmynd aftur upp í kollinn á
mér,“ segir Róbert. Hann setti
sig í samband við mannafnafna-
nefnd sem hvatti hann til að sækja
um nafnabreytinguna. Er hann
gerði það fékk hann neitun frá
dómsmálaráðuneytinu.



Róbert Heimir Hnífsdal Halldórsson.

„Ég fékk þau svör að það væri
ekki í boði að nota þetta nafn því
það væri enginn sem hétu þetta
og þetta væri ekki mannafn. Ég
óskaði eftir því að málinu
yrði vísað til mannafnanefndar

og vissi þá að björninn væri unn-
inn því ég var búinn að vinna
forvinnuna og hafði fengið góð
viðbrögð hjá formanni nefndar-
innar. Enda var þetta samþykkt
þar.“

Róbert heitir því nú fullu nafni
Róbert Heimir Hnífsdal Hall-
dórsson. Hann segist hafa borið
það undir fjölskylduna sína áður
en hann breytti nafninu. „Það er
búið að vera vesen með nafnið
mitt í gegnum tíðina. Ég átti
nefnilega að heita Siggi,“ segir
Róbert og hlær.

Róbert segir það vera skemmti-
legt að heita Hnífsdal. „Það er
gaman að heita einhverju sem
enginn annar heitir og svo er ég
mikill Hnífsdælingur, það geta
vinir mínir vottað.“ Róbert segir
aldrei að vita að fleiri muni bera
nafnið innan tíðar. „Dóttir mín
sem er 14 ára hefur óskað eftir
því að taka upp þetta nafn líka,
svo Hver veit nema í framtíðinni
munu fleiri bera nafnið.“

Óöguð þjóðarsál á bak við Funamálið

Einn af þeim sem kveðið hafa
upp rausn sína um Funamálið er
Stefán Gíslason, umhverfisfræð-
ingur og fyrrum sveitarsjóri á
Hólmavík. Stefáni er málið hug-
leikið enda rekur hann fyrirtækið
Umhverfisráðgjöf Íslands, sem
veitir m.a. fyrirtækjum og stofn-
unum ráðgjöf um umhverfismál.
Hann skrifar ítarlega grein um
mengunina á bloggi sínu og kem-
ur þar inn á fjölmargar hliðar
málsins. Meðal þess sem Stefán
veltir fyrir sér er hverjum málið
sé að kenna og þá sérstaklega í
ljósi þess hve lengi var vítað um
mengunina frá stöðinni.

„Hvernig hlutaðeigandi aðilar
gátu sofið með þessa vitneskju í
kollinum í þrjú ár er mér hulin

ráðgáta. Reyndar veit ég ekki
hverjir þessir „hlutaðeigandi aðil-
ar“ voru, en einhver eða einhverj-
ir starfsmenn Umhverfisstofnun-
ar hljóta að hafa verið þar á með-
al, svo og einhver eða einhverjir
tengiliðir vestra. Hverjir svo sem
vissu um niðurstöður mæling-
anna, þá þykir mér líklegt að
Umhverfisstofnun hafi verið eini
aðilinn í þeim hópi sem hafði
forsendur til að átt sig á alvöru
málsins. Þar vinnur jú fagfólk á
þessu sviði, en fyrir flesta aðra
hljóta tölulegar niðurstöður úr
mælingum að vera eins og hver
önnur hebreska, sérstaklega þeg-
ar margar tölur yfir gjörólíka
þætti í mismunandi einingum eru
á samankomnar á einu blaði.



Hvað segir það t.d. leikmanni að
styrkur díoxína sé 2,1 nanó eitt-
hvað en ekki 0,1 nanó eitthvað?“

Stefán vill meina að Funamálið
sé PR-slys fyrir Umhverfisstofn-
un þar sem íbúar Ísafjarðar en
ekki stofnunin, hafi fengið málið
upplýst. En hann vill þó ekki

skrifa málið eingöngu á stofnun-
ina. „Og við hvern er þá að sak-
ast? Ég álit að aðgerðarleysið í
Funamálinu og vinnubrögð stofn-
anna sé engum einum að kenna,
heldur liggja vandinn í óagaðri
þjóðarsál. Þar þarf að taka til.“

– kte@bb.is

Staðið í fætur stjórnmálanna

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað
vikulega pistla í **Bæjarins
besta** í mörg ár. Skoðanir
hans á mönnum og mál-
efnum hafa oft verið um-
deildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að
fara saman við skoðanir
útgefenda blaðsins. Þrátt
fyrir það bera ábyrgðar-
menn blaðsins ábyrgð á
skrifum **Stakks** á meðan
hann notar dulnefni sitt.

Alþingi kom saman í byrjun vikunnar. Slíkur atburður ættu ekki
að teljast til tíðinda við eðlilegar aðstæður. En aðstæður eru ekki
eðlilegar á Íslandi um þessar mundir. Þær eru óeðlilegar, í fyllsta
máta óeðlilegar. Atvinnuleysi er í hæstu hæðum. Atvinnusköpun er
ekki til nema hjá smæstu einyrkjum, sem þrátt fyrir erfiðar aðstæður
og lítinn sem engan stuðning ríkisstjórnar og Alþingis, hafa ekki
gefið upp von um að enn megi þeir, sem nenna og geta, fá að bjarga
sér eða að minnsta kosti reyna að koma undir sig fótunum, án þess
að ríkjandi öfl bregði fyrir þá fæti.

Enn skal höggvið. Enn sjá ríkisstjórn og alþingismenn Vestfirðinga
engin önnur úrræði önnur en þau að taka kvótann af þeim fyrirtækjum
sem sýna getu og dug og afla fjár, meira að segja erlends gjaldeyris,
í þjóðarbúið. Er það gleymt að hluti þeirra stjórnmálamanna sem sat
á Alþingi fyrir 20 árum tilheyrði Alþýðuflokknum, einum forvera
Samfylkingarinnar, þegar ákveðið var undir forystu ríkisstjórnar
sem þeir studdu að gera kvóta í sjávaraflla að eign sem unnt væri að
framselja og meira að segja veðsetja? Það er dæmigert fyrir stjórn-
málamenn að búa við minnissskerðingu þegar óþægilegar staðreyndir
eiga í hlut.

Enn er ástandið þannig að spyrnt er við fótum af hálfu ríkisstjórnar
og Alþingis ef erlendir fjárfestar vilja taka þátt í því að byggja upp
atvinnu. Er það með þeim formerkjum að atvinna sem fylgi stóriðju

sé ekki nóg fin fyrir Íslendinga og engan veginn við hæfi slíks
eðalfólks sem byggir Ísland. Því sé þörf að spyrna við fótum
þegar fólk lætur sér detta í hug að meira máli skipti að Íslendingar
hafi atvinnu, en það hversu fin hún kunni að sýnast í augum þeirra
útlandinga sem íslenskir stjórnmálamenn sækja upphefð sína til,
hvort sem það eru náttúrverndarsinnar eða umhverfis eða bara
kapitalistar með vonda samvisku.

Eðlilegt er að gremja Íslendinga, almennings sem tekið hefur á
sig byrðar í þeirri von að brátt sæi til lands, sé mikil þegar
atvinnuleysi er orðin föst staðreynd á bilinu sjö til níu prósent og
til er verða ný bótakynslóð sem kann að eiga erfitt með að komast
úr þeirri stöðu og því erfiðara sem ástandið varir lengur. Þá verður
ekki hægt að færa fæturna úr sporunum sem þessi hópur hefur fest
sig í.

Gremjan eykst við þá vitneskju að einstakir ráðherrar standa
með fótinn stífan á bremsunni þegar að því kemur að taka ákvarð-
anir um atvinnusköpun sem fylgir stóriðju. Ætli Austfirðingar
taki undir með þingmönnum Vestfirðinga í þessum efnum? Nú er
komið að því að stjórnmálamenn rífi sig upp og láti ekki staða
fætur hemja sig og þjóðina. Við þurfum að komast fram á veginn
Íslandi og ná okkur upp úr þeim sporum sem staðir fætur festa
okkur í.

„Mikill ótti og mikið bullað“

„Það er mikill ótti í fólki hér í firðinum og margar sögur á lofti og mikið bullað um þessi mál,“ segir Steingrímur Jónsson, bóndi í Efri-Engidal við Skutulsfjörð í viðtali við Bændablaðið. „Þá eru t.d. mismunandi skoðanir í gangi um hversu langt þessi mengun geti hafa borist. Eins hefur verið mælt til þess af fulltrúum Í-listans í bæjarstjórn að íbúar í Holtahverfinu og starfsmenn Funa fari í lækni-
sannsókn vegna þessa. Hér í Engidalnum er líka mikið tínt af berjum á haustin og fólk veltir því auðvitað fyrir sér hvaða áhrif mengunin kunni að hafa haft á það. Það hafa þó engin sýni verið tekin úr berjum svo ég viti. Svo það er verið að bulla hér um ýmsa hluti en lítið um að upplýsingar hafi enn komið frá sérfræðingum,“ segir Steingrímur Jónsson í viðtalinu. Steingrímur upplýsir í viðtalinu að mjólkursýni hafi verið tekin á nokkrum bæjum 4. janúar og send í rannsókn. Sýnin eru frá Efri-Engidal í Skutulsfirði, Hattardal í



Álftafirði og einnig frá bæjunum Hóli og Vöðlum í Önundarfirði. Þá segir Steingrímur að sýni hafi verið tekin úr einum 10 heyrillum hjá honum á sunnudag. „Þeir tóku líka vatnssýni og sýni úr frosnu kjöti frá mér og sauð-

Steingrímur Jónsson, bóndi á Efri-Engidal í Skutulsfirði. fjárændum hér í nágrenninu, en allir nema einn eru með sín hús sín nánast alveg upp við Funa.Ég vildi láta taka lífsýni úr elstu kúnum og kindunum hjá mér en það hefur ekki verið gert,“ segir Steingrímur í viðtalinu. Hann segist eiga

von á niðurstöðum í febrúar. Hann segist ekkert vilja fullyrða neitt um hversu alvarlegar afleiðingar þessi PCB-mengun kunni að hafa haft á búfénað eða fólk. „Það hafa þó verið að koma fram vanhöld á kúm hjá mér og það

drápust hjá mér tvær nýbætur. Þá finnst mér að nytin hafi verið að minnka undanfarin ár um allt að 1.000 lítra á kú, en það á eftir að fara betur yfir gögn til að fá það staðfest,“ sagði Steingrímur – thelma@bb.is

Minnsta raforkunotkunin á Vestfjörðum

Minnsta raforkunotkunin verður á Vestfjörðum að því er fram kemur í raforkuspá orkuspárnefndar fyrir árin 2010-2050. Meðalnotkun raforku til heimilisþarfa árið 2009 var 4,1 MWh á heimili. Mest var almenna álagið á höfuðborgarsvæðinu. Landshlutunum er skipt í þrjá flokka eða Vestfirði, Vesturland og Suðurnes með um 40 MW álag hver. Þegar lítið er til álag sá raforkukerfið árið 2009 eftir landshlutum sést

að álag er lítið á margar stöðvar í 66 kV kerfum landshlutanna og á byggðalínu en álag er innan við 20 MW á um 85% stöðvanna. Álag er annars mest á þær stöðvar þar sem afhending til stórra notenda beint frá flutningskerfinu fer fram.

Ein stöð á Suðurnesjum, Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi er með meira álag en 20 MW en allar stöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu eru yfir þessum mörkum en á Vestfjörðum og Suð-

urlandi er engin stöð yfir þessum mörkum. Allar stöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu eru með yfir 30 MW álag en engin utan þess sem fæðir dreifikerfið.

Hins vegar þegar lítið er til ótryggðrar orku var hún mest á Vestfjörðum eða 80 GWh. Ótryggð orka fer öll til hitunar vatns hjá hitaveitum en þessi notkun var alls tæpar 188 GWh árið 2009 og hefur aukist um 10 GWh frá 2004. Notkunin var eins og áður, 60 GWh voru á Suðurlandi, 47

GWh á Austurlandi og 1 GWh á Norðurlandi.

Þá segir í skýrslunni að raforka hafi ekki verið notuð í miklum mæli við byggingarstarfsemi en mikil aukning varð þó á þeirri notkun á árunum 2004-2009 vegna framkvæmda við Kárahnúkavirkjun og Fjarðaaíl. Notkun var 18 GWh árið 2003 en fór mest í 149 GWh árið 2006. Notkunin er 40 GWh árið 2009 og þar af eru um 11 GWh á Austurlandi og er stærsti hlutinn vegna Kára-

hnúkavirkjunar. Gangagerð í Héðinsfirði og í Óshlíð hafa einnig notað raforku og voru tæpar 4 GWh á Norðurlandi.

Samkvæmt orkuspánni fram til ársins 2015 breytist nýtingartími forgangsorku landshlutanna frá því að vera sá sami og hann var árið 2009 yfir í 5.100 stundir á Austurlandi, 5.600 stundir á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi og 5.800 stundir á Suðurnesjum, Vestfjörðum, Norðurlandi og Suðurlandi.

Stjórnsýsluúttekt vegna díoxínmengunar

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur farið þess á leit við Ríkisendurskoðun að fram fari stjórnsýsluúttekt á afskiptum ráðuneytisins, Umhverfisstofnunar, sveitarfélaga og annarra aðila af sorpbrennslustöðvum sem fengu starfsleyfi fyrir 28. desember 2002. Er þetta gert í ljósi umræðu um díoxínmengun frá sorpbrennslustöðinni Funa á Ísafirði að undanförunu og mögulega tengingu hennar við mælingar á díoxínmengun í mjólkurafurðum frá býli í nágrenni stöðvarinnar. Markmið stjórnsýsluúttektarinnar er að leiða í ljós hvernig staðið

var að undirbúningi og framkvæmd málsins og hvort hagsmuna almennings og umhverfis hafi verið gætt í þessu ferli. Jafnframt að leggja fram tillögur um úrbætur í stjórnsýslunni og eftir atvikum á lagaumhverfi stjórnvalda ef ástæða er talin til.

Lögd er áhersla á að ýmis atriði verði sérstaklega skoðuð í stjórnsýsluúttektinni. M.a. á hvaða forsendum var óskað eftir undanþágu fyrir starfandi sorpbrennslustöðvar hér á landi og á hverju byggðu íslensk stjórnvöld ósk þar að lútandi? Þá skal skoða hvort stjórnvöld höfðu upplýs-

ingaskyldu gagnvart almenningi til að upplýsa um mælingarnar sem lágu fyrir 2008, ef svo er hvernig var þeim skyldum fullnægt? Voru hagsmunir almennings og umhverfis látnir víkja fyrir hagsmunum rekstraraðila sorpbrennslustöðvarinnar þegar mælingar lágu fyrir árið 2008?

Sorpbrennslu hefur nú þegar verið hætt í Funa og Umhverfisstofnun hefur lagt til að öðrum sorpbrennslum verði gert að uppfylla ströngustu mengunarnar-arkröfur innan tveggja ára. Umhverfisráðuneytið hefur þær tillögur nú til umfjöllunar. Þá hefur


komið fram opinberlega að sorpbrennslan í Vestmannaeyjum stefnir að því að auka flokkun á úrgangi sem dregur úr brennslu og mengun. Til slíkra aðgerða hefur þegar verið gripið á Kirkjubæjarklaustri. Þá hefur Umhverfisstofnun krafist sorpbrennslustöðina á Húsavík um tímasetta áætlun um úrbætur í mengunarmálum.

Matvælastofnun rannsakar nú díoxín í sauðfjárafurðum í nágrenni sorpbrennslustöðvarinnar og einnig hafa verið tekin ný sýni úr mjólk og fódurrúllum frá Engidal í Skutulsfirði þar sem

sem díoxín mældist yfir mörkum í mjólk fyrir áramót. Mjólkursýni voru jafnframt tekin frá býlum í nágrenninu. Niðurstaðna úr sýnatöku er að vænta í fyrrihluta febrúar og mun stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir í kjölfarið fara yfir niðurstöður og taka í framhaldinu ákvörðun um frekari rannsóknir. Nefndina skipa sóttvarnarlæknir og fulltrúar frá Umhverfisstofnun, Matvælastofnun og Geislavörnum ríkisins.

Þá hefur umhverfisnefnd Alþingis falið Ólínu Þorvarðardóttur þingmanni að skoða lagaumgjörð sorpbrennslu hér á landi.

Þorsteinn Haukur Þorsteinsson í Súðavík fer af stað með forvarnarstarf fyrir grunnskólanemendur í febrúar. „Ég ætla að heim-sækja nemendur í 8.-10. bekk í grunnskólum Vestfjarða. Þorsteinn Haukur hefur undirbúið starfið í eitt ár en hann starfaði í fimm ár við slíkt forvarnarstarf hjá Tollgæslunni í Reykjavík og fór á þess vegum á hverju ári til 8. bekkinga á landsvísu.



**Viðar Örn Sveinbjörnsson
hjá TM afhenti Þorsteini
Hauki styrk sem nemur
100 þúsund krónur en
Tryggingamiðstöðin er
helsti styrktaraðili
forvarnarstarfsins.**

uð margir hafa svarað kallinu og styrkja mig í að gera þetta mögulegt. “Tryggingamiðstöðin styrkir starfið mjög myndarlega um 100.000 krónur, útibú Sparisjóðsins SpKef á Ísafirði og á Patreksfirði um sitt hvorar 50 þúsund krónurnar, Súðavíkurreppur um 25.000 krónur auk þess sem margir einstaklingar og fyrirtæki hafa veitt styrki á bilinu 5-15 þúsund krónur. En betur má ef duga skal og vantar enn upp á svo forvarnarstarfið geti gengið upp án fjárlátla úr eigin vasa hjá Þorsteini Hauki.

Áhugasömum er bent á að hægt er að hafa samband við hann á netfanginu sudavik56@simnet.is. „Ég er innilega þakklátur þeim sem hönd hafa lagt á plóg í þetta góða málefni,“ segir Þorsteinn Haukur.

Krossgáta *Catalina* og Vestfirðinga.
Höfundur: Hafliði Magnússon frá Bíldudal.

[illegible]

	H.	M.	'OP	BOK STERK	K	ATT	'AS	KLARI	TÆPRI
	→	K	R	I	S	T	I	N	
	VAL	V	O	L	FISKUG EITUR	Y	S	A	
I	DUG- LEGA	'ALFA	RÖNI	VEINAR EINS UM N	E	M	J	A	R
	→	V	A	L	D	I	M	A	R
FLYF- INN	A	S	A	N	N	●	ANS TALA	S	V
FISGU- UR	S	I	L	D	GATA SYSTIR PANELA EINGI LINA S	L	E	A	TALA FLJÓT
FROST- SAR	K	A	L	GAN VEIGAR FERI	A	N	EINS UM A VEIN	N	R
TÖNN	A	GET- SPÉKI HÆG	I	N	N	S	E	i	U
●	ATT BAND	S	ENN- PA EINS	E	N	N	SAMMIL KALMI NÆMI	K	PREY- TA
→	P	E	T	T	A	→	E	R	→
BOK	R	I	T	FLUGL ANÐI	S	I	L	A	M
UFAN HYLT	'A	N	LEGG- ING- UNN	S	T	R	I	P	U
→	'A	D	'A	EINN VERU	i	●	INNAN BORI 'GAR FELAG	G	O
●	LOKA	-	→	L	'A	S	RIKK KUSK	K	I
C	TALA	L	VEIKI SO	L	A	S	N	i	
	F	L	O	STAFT- RANIR EIMUG ST	O	i	N		
				EINS UM N	R	N	R	U	

Tvær úr Faktorshúsinu

Sælkeri vikunnar býður upp á tvær uppskriftir sem urðu til í Faktorshúsinu í Hæstakaupstað á Ísafirði en þar var hún vert um tíma. Fyrri uppskriftin er að ljúffengri fiskisúpu en sú síðar er saltfiski í tómát og ólífum. Einnig býður hún upp á hollan grænmetisrétt og uppskrift að hummus.

Fiskisúpa Faktorsins

1 laukur
1-2 gulrætur
1 sellerý stöngull
Grænmetið mýkt í olíu
2 tsk karrý
1 msk tómaturé
Steikt með grænmetinu í smá stund
1 líter vatn
1/3 dós Oscar fiskikraftur

Látið sjóða í smá stund

¼ peli rjómi
1 tsk þurrkað oreganó

Setjið rækjur og einhvern góðan fisk út í, t.d. lúðu. Hitið að suðu.

Saltfiskur í tómát með ólífum

Eitt flak saltfiskur, eða tvö hnakkastykki
1 rauðlaukur skorinn
2 hvítlauksrif smátt söxuð/marin
1 dós niðursoðnir tómatar
Nokkrar svartar ólífur
Svartur pipar

Hitið góða olíu á pönnu, veltið fiskinum upp úr hveiti og setjið á vel heita pönnuna, steikið í 2-3 mínútur á hvorri hlið, piprið. Takið fiskinn af og geymið. Setjið lauk og hvítlauk á pönnuna og mýkið, maukið tomatana og hellið yfir, látið sjóða, setjið ólífurnar og fiskinn út í sósuna og látið krauma í 1-2 mín, eftir þykkt fiskstykkianna, hann á ekki að verða algjörlega hvítur í miðju.

unni. Berið fram með góðu, fersku salati, brauði og góðu rauðvíni.

Heitur og hollur grænmetisréttur

1 laukur
2 hvítlauksrif
5 cm engifer
1 rautt chillialdin

Mýkið í góðri olíu

1 gulrót
1 sæt kartafla
Zucchini
Blómkál (eða hvaða grænmeti sem maður vill)

Skerið grænmetið og bætið í pottinn, hrærið saman við það sem í honum er.

1 tsk turmerik
1tsk kóriander malað
1 tsk cummin
Salt eftir smekk



Steikið grænmetið í 2-3 mín
1 dós niðursoðnir tómatar
1 msk tómaturé
Sjóðið saman í 2 mín
1 dós kókósmjólk
1 dós nýrnabauunir
Látið sjóða í 10 mínútur

Berið fram með salati og hrísgrjónum, stráið fersku kóriander yfir.

Hummus
1 dós (eða 2,5 dl kjúklingabauunir lagðar í bleyti yfir nótt og soðnar)
1-2 msk tahini

2 hvítlauksrif
½ chillialdin rautt
2 msk saxað ferskt kóriander
2 msk sítrónusafi
1 msk sæt soyasósa (Teryjaki)
Olía

Setjið allt í blandara, látið ganga þar til þetta er orðið að góðu mauki, bætið olíu/vatni við ef þarf. Saltið ef þurfa þykir, ath. Soya sósan er sölt.

Ég skora á Hildi Halldórsdóttur á Ísafirði að koma með uppskrift í næsta blaði.

Þorsteinninn sæmdur gullmerki

Karلاكórinn Ernir hélt árvisst konukvöld í Guðmundarbúð á laugardag. „Við höfum haldið svona konukvöld í nokkur ár og það er alltaf rosalega gaman. Þetta er nokkurs konar uppskeruhátíð þar sem við komum saman, gerum okkur glaðan dag og höfum konurnar með og heiðrum vini og vandamenn,“ segir Sigmundur Þórðarson ritari kórsins. Hápunktur kvöldsins var þegar Þorsteinn Jóhannesson, stjórnarformaður kórsins, var veitt gullmerki fyrir frábær störf í þágu kórsins. Þá var brugðið á leik og að sögn Sigmundar var mikið fjör og glens á samkomunni enda hafði kórinn mörgu að fagna eftir viðburðaríkt ár en þar stendur hæst útgáfa jólaplötu sem ber titilinn Jólin alls staðar og geymir nítján jólalög og hátíðarsálma í nýjum útsetningum.

Guðrún Jónsdóttir sópran-

söngkona syngur einsöng á plötu auk þess sem fjöldi hljóðfæraleikara leggur kórnum lið. „Þetta er búið að vera frábært ár og sala disksins gekk mjög vel. Í rauninni gáfum við hann út á síðustu stundu og hann er því fullgildur á næstu jólum og við búumst við góðri sölu aftur þá,“ segir Sigmundur.

Hann segir diskinn afar vel heppnaðan. „Við erum ánægðir með diskinn og höfum fengið góðar viðtökur. Það er því aldrei að vita nema að við förum í útgáfu aftur áður en varir.“

– thelma@bb.is

Þorsteinn Jóhannesson var sæmdur gullmerki karlakórsins Ernir, með honum á myndinni eru Árni Traustason og Andrés Guðmundsson sem sáu um afhendingu merkisins og viðurkenn-ingarskjals.



Kómedíuleikhúsið Miðasölusími: 450 5565

Síðasti dagur Sveins skotta

21. jan. fös. kl. 20	Edinborgarhúsið
22. jan. lau. kl. 20	Edinborgarhúsið
23. jan. sun. kl. 20	Félagsheimilið Þingeyri
27. jan. fim. kl. 20	Tjarnarbió Reykjavík
28. jan. fös. kl. 20	Tjarnarbió Reykjavík

Vestfirskur skáldskapur á 57 mínútum




4. feb. fös. kl. 20	Arnardal
5. feb. lau. kl. 20	Arnardal
11. feb. fös. kl. 20	Arnardal
12. feb. lau. kl. 20	Arnardal
17. feb. fim. kl. 20	Arnardal
18. feb. fös. kl. 20	Arnardal



Mikið fjör var á konukvöldi karlakórsins Ernir.

BÓKABAZAR

Nýir og eldri titlar á frábæru verði í verslunum Eymundsson!



Eymundsson
Bóksali frá 1872